RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Runólfur Viðar Guðmundsson
Kt. 1502793059
Dags. 29.8.2023 12:18:23
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Magnús Helgi Árnason
Kt. 2509592499
Dags. 29.8.2023 12:19:26
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Rebekka Guðmundsdóttir
Kt. 1306922149
Dags. 29.8.2023 12:22:49
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Guðmundur Jóhann Jónsson
Kt. 0411592439
Dags. 29.8.2023 12:24:58
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Guðmundur Kjartansson
Kt. 2904594789
Dags. 29.8.2023 12:39:45
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Agnes Guðmundsdóttir
Kt. 0408902469
Dags. 29.8.2023 14:49:27
Ástæða: Undirritun

# Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.

## Samandreginn

## Samstæðuárshlutareikningur

## 1. janúar til 30. júní 2023

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.
Fiskislóð 14
101 Reykjavík
kt. 410998-2629

# Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.

Samandreginn

Samstæðuárshlutareikningur

1. janúar til 30. júní 2023

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Könnunaráritun óháðs endurskoðanda | 2 |
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Yfirlit um aðra heildarafkomu | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 7 |
| Yfirlit um eigið fé | 8 |
| Skýringar | 9-11 |

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og hluthafa í Útgerðarfélagi Reykjavíkur hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Útgerðarfélags Reykjavíkur hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um aðra heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársrhlutaeikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evróupusambandinu.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikningur gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á tímabilinu, efnahag hennar 30. júní 2023 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 29. ágúst 2023

**Endurskoðun BT ehf.**

Guðmundur Kjartansson

endurskoðandi

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

## Meginstarfsemi samstæðunnar

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. er sjávarútvegsfyrirtæki með fjölbreyttan rekstur og er meginstarfsemi þess vinnsla og sala á sjávarafurðum, fjárfestingarstarfsemi og nýsköpun. Félagið vinnur fiskafurðir í landi og á sjó og rak á tímabilinu einn frystitogara, Guðmund í Nesi RE-13. Félagið framleiðir frystar fiskafurðir til útflutnings með áreiðanleika, virðingu, gæði og ábyrga og sjálfbæra nýtingu auðlinda sjávar að leiðarljósi.

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikningsskil eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu, og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samandreginn samstæðuárshlutareikningur hefur að geyma árshlutareikning Útgerðarfélags Reykjavíkur hf. og þriggja dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem samstæðunnar. Dótturfélög eru Sirion Seafood, ÚR Innovation ehf. og Premium of Iceland ehf.

## Rekstur, fjárhagsleg staða og horfur

**Rekstrarreikningur**

Tekjur samstæðunnar af sölu afurða til útflutnings á tímabilinu 1. janúar til 30.júní 2023 námu 44,9 milljónum evra (1.janúar til 30.júní 2022: 50,4 milljón evra). Lækkun tekna félagsins frá samanburðartímabili skýrist af því að einungis Guðmundur í Nesi RE-13 var í rekstri á tímabilinu 1.janúar til 30.júní 2023 en á samanburðartímabili var Sólborg RE-27 jafnframt í rekstri eða allt þar til hún var seld haustið 2022. Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi samstæðunnar nam 6,4 milljónum evra á tímabilinu 1.janúar til 30.júní 2023 (1.janúar til 30.júní 2022: 21,5 milljón evra) og skýrist lækkun hagnaðar frá fyrra tímabili af minni veiðum í kjölfar sölu á Sólborg, minni úthlutun aflamarks, lægra afurðaverði á sjófrystum afurðum og minni hagnaði hjá hlutdeildarfélaginu Brim en á fyrra ári.

**Efnahagsreikningur**

Eignir samstæðunnar í lok tímabilsins samkvæmt efnahagsreikningi námu 465,9 milljónum evra (31.12.2022 : 479,8 milljónum evra) og skuldir námu 186,7 milljónum evra (31.12.2022: 171,5 milljónir evra). Bókfært eigið fé samstæðunnar í lok tímabilsins nam 279,2 milljónum evra (31.12.2022: 308,4 milljónir evra). Eiginfjárhlutfall samstæðunnar nam 59,9% í lok tímabilsins samanborið við 64,3% í árslok 2022. Breytingar á efnahagsreikningi má einna helst rekja til þess að á aðalfundi félagsins í mars 2023 var ákveðið að úthluta arði að fjárhæð 35 milljónir evra og var hluti arðgreiðslunnar eða sem nemur 17,4 milljónum evra inntur af hendi til hluthafa með framsali á langtímakröfum og viðskiptakröfum á tengda aðila og eignarhluta í félögum samanber skýring 8. Þá hefur jákvæð hlutdeildarafkoma tímabilsins áhrif til hækkunar á fjárfestingarreikningi samstæðunnar í hlutdeildarfélögum. Í ársbyrjun eignaðist félagið 75% eignarhlut í félaginu Premium of Iceland ehf. og félagið hluti af samstæðuársreikningi frá byrjun árs samanber skýring 7.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samvæmt bestu vitneskju er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að samstæðuárshlutareikningurinn sé í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu, og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra að samstæðuárshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar 1. janúar til 30. júní 2023, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2023 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30.júní 2023. Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra að skýrsla stjórnar gefi glöggt yfirlit yfir árangur í rekstri samstæðunnar, þróun og stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Útgerðarfélags Reykjavíkur hf. staðfestir hér með samstæðuárshlutareikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. ágúst 2023

**Í stjórn**

Magnús Helgi Árnason
Stjórnarformaður

Agnes Guðmundsdóttir
stjórnarmaður

Rebekka Guðmundsdóttir
stjórnarmaður

Guðmundur Jóhann Jónsson
stjórnarmaður

Runólfur Viðar Guðmundsson
Framkvæmdastjóri

# Rekstrarreikningur 1.janúar til 30.júní 2023

| | Skýr. | 1.1.-30.6.2023 | 1.1.-30.6.2022 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 5 | 44.905.426 | 50.415.223 |
| Kostnaðarverð seldra vara | 5 | (42.731.308) | (45.039.126) |
| **Framlegð** | | 2.174.118 | 5.376.097 |
| Aðrar tekjur og söluhagnaður | 5 | 512.969 | 3.959.514 |
| Annar rekstrarkostnaður | 5 | (1.527.254) | (777.588) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 1.159.833 | 8.558.024 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 6 | 12.888.141 | 21.297.468 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | (8.481.238) | (8.523.518) |
| | | 4.406.903 | 12.773.951 |
| **Hagnaður fyrir skatta** | | 5.566.736 | 21.331.975 |
| Tekjuskattur | | 817.649 | 209.833 |
| **Hagnaður tímabilsins** | | 6.384.385 | 21.541.807 |
| Hagnaður skiptist á eftirfarandi hátt: | | | |
| Hlutdeild meirihluta í afkomu | | 6.835.188 | 21.541.807 |
| Hlutdeild minnihluta í afkomu | | (450.803) | |
| | | 6.384.385 | 21.541.807 |

# Yfirlit um aðra heildarafkomu 1.janúar til 30. júní 2023

| | | |
|---|---|---|
| **Hagnaður tímabilsins** | 6.384.385 | 21.541.807 |
| | | |
| **Liðir sem síðar kunna að verða færðir í rekstrarreikning** | | |
| Þýðingarmunur vegna dóttur-og hlutdeildarfélaga .............. | (1.016.333) | (1.031.362) |
| Hlutdeild í öðrum eignfjárliðum hlutdeildarfélaga ............... | (410.597) | |
| | (1.426.930) | (1.031.362) |
| | | |
| **Heildarafkoma tímabilsins** | 4.957.455 | 20.510.445 |

| | | |
|---|---|---|
| Heildarafkoma skiptist á eftirfarandi hátt: | | |
| Hlutdeild meirihluta í heildarafkomu ................................ | 5.408.258 | 20.510.445 |
| Hlutdeild minnihluta í heildarafkomu ............................... | (450.803) | |
| | 4.957.455 | 20.510.445 |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2023

| Eignir | Skýr. | 30.06.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Aðrar óefnislegar eignir | | 1.486.830 | 0 |
| Fiskveiðiheimildir | | 79.395.555 | 79.395.555 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | | 31.459.948 | 37.576.714 |
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum | 6 | 298.802.245 | 303.392.952 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | | 2.182.172 | 2.182.172 |
| Kröfur á tengd félög | | 2.945.677 | 11.156.540 |
| | | 416.272.427 | 433.703.933 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir | | 8.030.558 | 9.603.043 |
| Viðskiptakröfur | | 4.338.035 | 4.394.610 |
| Kröfur á tengd félög | | 1.274.868 | 2.736.333 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 813.102 | 632.104 |
| Handbært fé | | 35.145.413 | 28.735.967 |
| | | 49.601.976 | 46.102.057 |
| **Eignir** | | 465.874.403 | 479.805.990 |

| Eigið fé og skuldir | Skýr. | 30.06.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 4.973.522 | 4.973.522 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 89.896.750 | 89.896.750 |
| Lögbundinn varasjóður | | 1.282.083 | 1.282.083 |
| Þýðingarmunur | | (1.267.995) | 1.116.029 |
| Bundinn eiginfjárreikningur | | 59.706.011 | 67.442.810 |
| Óráðstafað eigið fé | | 124.535.881 | 143.642.585 |
| Eigið fé sem tilheyrir eigendum félagsins | | 279.126.252 | 308.353.779 |
| Hlutdeild minnihluta í eigin fé samstæðu | | 36.108 | 0 |
| **Eigið fé** | | 279.162.360 | 308.353.779 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | | 113.369.186 | 87.866.553 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 32.707.837 | 33.579.576 |
| | | 146.077.023 | 121.446.129 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | | 26.083.829 | 37.153.152 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | | 4.831.321 | 2.996.735 |
| Ógreiddir reiknaðir skattar | | 394.353 | 373.392 |
| Skuldir við tengd félög | | 9.325.517 | 9.482.802 |
| | | 40.635.020 | 50.006.081 |
| **Skuldir** | | 186.712.043 | 171.452.210 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 465.874.403 | 479.805.990 |

# Yfirlit um sjóðstreymi 1.janúar til 30.júní 2023

| | Skýr. | 1.1.-30.6.2023 | 1.1.-30.6.2022 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarhagnaður ........................................................ | | 1.159.836 | 8.558.024 |
| Afskriftir ........................................................................ | | 929.178 | 1.459.206 |
| (Söluhagnaður), aflahlutdeildar ....................................... | | 0 | (3.382.527) |
| Söluhagnaður fastafjármuna .......................................... | | (142.918) | (10.020) |
| Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | | 1.946.096 | 6.624.682 |
| Vörubirgðir, lækkun, (hækkun) ....................................... | | 2.093.147 | (3.444.675) |
| Aðrar rekstrartengdar eignir, (hækkun) ............................ | | (913.740) | (2.443.704) |
| Rekstrartengdar skuldir, hækkun .................................... | | 2.143.544 | 6.954.019 |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | | 5.269.048 | 7.690.321 |
| Innborgaðir vextir og arður ............................................ | | 168.936 | 59.393 |
| Greiddir vextir ............................................................ | | (4.093.991) | (3.978.692) |
| Innborgaður gengismunur .............................................. | | (632.272) | 947.160 |
| Greiddur tekjuskattur .................................................... | | 0 | (1.841) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 711.721 | 4.716.341 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Seld aflahlutdeild ........................................................ | | | 5.776.173 |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir ................................ | | (2.984.455) | (51.019) |
| Seldir varanlegir rekstrarfjármunir .................................. | | 91.378 | |
| Arður frá hlutdeildarfélögum .......................................... | | 16.097.881 | 13.024.799 |
| Keyptur eignarhlutur í öðrum félögum ............................. | | | (18.025) |
| Keyptur eignarhlutur í hlutdeildarfélagi ............................ | | (134.303) | (2.516.500) |
| Hreint sjóðstreymi vegna sölu á dótturfélagi ...................... | | (576.286) | |
| Lækkun/(hækkun) á kröfum á tengd félög ........................ | | 333.235 | (2.653.980) |
| | | 12.827.450 | 13.561.448 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Greiddur arður ............................................................ | | (17.520.211) | (13.000.000) |
| Afborganir langtímaskulda .............................................. | | (22.757.972) | (5.821.643) |
| Nýjar langtímaskuldir .................................................... | | 25.750.799 | 0 |
| Ný víxilútgáfa, breyting ................................................. | | 7.401.446 | 1.921.718 |
| | | (7.125.938) | (16.899.925) |
| Hækkun handbærs fjár .................................................. | | 6.413.233 | 1.377.864 |
| Handbært fé í upphafi árs .............................................. | | 28.735.967 | 40.532.003 |
| Áhrif gengisumreiknings á handbært fé ............................ | | (3.785) | 181.890 |
| Handbært fé í lok tímabils ............................................. | | 35.145.413 | 42.091.756 |

## Yfirlit um eigið fé 30. júní 2023

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Lögbundinn varasjóður | Bundinn eiginfjár-reikningur | Þýðingar-munur | Óráðstafað eigið fé | Hlutdeild minnihluta | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar til 30. júní 2022** | | | | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2022 | 4.973.522 | 89.896.750 | 1.282.083 | 42.506.087 | 1.183.848 | 109.194.929 | | 249.037.220 |
| Hagnaður tímabilsins......................................... | | | | | | 21.541.807 | | 21.541.807 |
| Þýðingarmunur.................................................. | | | | | (1.031.362) | | | (1.031.362) |
| Heildarafkoma tímabilsins................................. | | | | | (1.031.362) | 21.541.807 | 0 | 20.510.445 |
| Óinnleystar hlutdeildartekjur............................ | | | | 11.107.630 | | (11.107.630) | | |
| Greiddur arður.................................................. | | | | | | (13.000.000) | | (13.000.000) |
| Eigið fé 30. júní 2022 | 4.973.522 | 89.896.750 | 1.282.083 | 53.613.717 | 152.486 | 106.629.106 | 0 | 256.547.666 |
| **1. janúar til 30. júní 2023** | | | | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2023 | 4.973.522 | 89.896.750 | 1.282.083 | 67.442.810 | 1.116.029 | 143.642.585 | | 308.353.779 |
| Hagnaður (tap) tímabilsins................................ | | | | | | 6.835.188 | (450.803) | 6.384.385 |
| Hlutdeild í eiginfj.liðum hlutf.félags | | | | (410.597) | (1.029.380) | | | (1.439.977) |
| Þýðingarmunur.................................................. | | | | | 13.047 | | | 13.047 |
| Heildarafkoma tímabilsins................................. | | | | (410.597) | (1.016.333) | 6.835.188 | (450.803) | 4.957.455 |
| Fært út við samruna við RE-13 ehf.................... | | | | (3.489.910) | (1.731.902) | 5.221.812 | | |
| Fært út við sölu dóttur- og hlutd.félag.............. | | | | (785.708) | 364.211 | 785.708 | | 364.211 |
| Óinnleystar hlutdeildartekjur............................ | | | | (3.050.584) | | 3.050.584 | | |
| Hlutdeild við yfirtöku á dótturfélagi................. | | | | | | | 486.911 | 486.911 |
| Greiddur arður.................................................. | | | | | | (35.000.000) | | (35.000.000) |
| Eigið fé 30. júní 2023 | 4.973.522 | 89.896.750 | 1.282.083 | 59.706.011 | (1.267.995) | 124.535.881 | 36.108 | 279.162.360 |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Fiskislóð 14, 101 Reykjavík.

Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. er sjávarútvegsfyrirtæki með fjölbreyttan rekstur og er meginstarfsemi félagsins og dótturfélaga þess kaup og sala á sjávarafurðum, fjárfestingarstarfsemi og nýsköpun.

Árshlutareikningur þessi hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem samstæðunnar.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

**Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt**

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann er samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti því að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2022.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareiknings er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar árið 2022. Hægt er að nálgast ársreikning samstæðunnar á vef þess á www.urseafood.is.

Samstæðuárshlutareikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í evrum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

## 4. Mat og ákvarðanir

Við gerð samstæðuárshlutareiknings, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

## 5. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir eðli rekstrar og byggja á innri upplýsingagjöf og skipulagi samstæðunnar. Samstæðan skiptist í tvo starfsþætti, Útgerð & sala sjávarafurða og Fjárfesting í sjávarútvegi.

1.janúar til 30.júní 2023

| | Útgerð & sala sjávarafurða | Fjárfesting í sjávarútvegi | Samtals |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 44.905.426 | | 44.905.426 |
| Kostnaðarverð seldra vara | (42.731.308) | | (42.731.308) |
| **Framlegð** | 2.174.118 | | 2.174.118 |
| Aðrar tekjur og söluhagnaður | 512.969 | | 512.969 |
| Annar rekstrarkostnaður | (1.069.078) | (458.176) | (1.527.254) |
| **Rekstrarhagnaður (tap)** | 1.618.009 | (458.177) | 1.159.833 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | 12.888.141 | 12.888.141 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | | (8.481.238) |
| Hagnaður fyrir skatta | | | 5.566.736 |
| Tekjuskattur | | | 817.649 |
| **Hagnaður tímabilsins** | | | 6.384.385 |
| | | | |
| Aðrar óefnislegar eignir | 1.486.830 | | 1.486.830 |
| Fiskveiðiheimildir | 79.395.555 | | 79.395.555 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 31.459.948 | | 31.459.948 |
| Fjárfesting í hlutdeildarfélögum | | 298.802.245 | 298.802.245 |
| Óskiptar eignir | | | 54.729.825 |
| Óskiptar skuldir | | | (186.712.043) |

# Skýringar

## 5. Starfsþáttayfirlit (frh.)

1.janúar til 30.júní 2022

| | Útgerð & sala sjávarafurða | Fjárfesting í sjávarútvegi | Samtals |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 50.415.223 | | 50.415.223 |
| Kostnaðarverð seldra vara | (45.039.126) | | (45.039.126) |
| **Framlegð** | 5.376.097 | | 5.376.097 |
| Aðrar tekjur og söluhagnaður | 3.623.501 | 336.014 | 3.959.515 |
| Óskiptur annar rekstrarkostnaður | (544.312) | (233.276) | (777.588) |
| **Rekstrarhagnaður** | 8.455.286 | 102.737 | 8.558.024 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | 21.297.468 | 21.297.468 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | | (8.523.518) |
| Hagnaður fyrir skatta | | | 21.331.974 |
| Tekjuskattur | | | 209.833 |
| **Hagnaður tímabilsins** | | | 21.541.807 |

**Útgerð og sala sjávarafurða**
Til tekna hjá útgerð og sölu sjávarafurða telst sala útgerðar, vinnslu og sölufyrirtækis á sjávarafurðum sem og kvótaleiga en kostnaður samanstendur fyrst og fremst af hráefniskostnaði og rekstri frystitogara s.s. laun og launatengd gjöld sjómanna, veiðarfæri, veiðigjöld og olía sem og stjórnunarkostnaður.

**Fjárfesting í sjávarútvegi**
Um er að ræða fjárfestingu í félögum í sjávarútvegi. Tekjur fela fyrst og fremst í sér hlutdeild í afkomu og gjöld samanstanda af stjórnunarkostnaði.

## 6. Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

| | Eignarhlutur | Bókfært verð 30.6.2023 | Bókfært verð 31.12.2022 |
|---|---|---|---|
| **Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum:** | | | |
| Brim hf. | 43,96% | 295.599.422 | 300.267.649 |
| Zym Ice ehf. | 40,00% | 3.202.824 | 3.125.303 |
| | | 298.802.245 | 303.392.952 |

Eignarhlutur í Brim hf. er færður samkvæmt hlutdeildaraðferð í reikningsskilum Útgerðarfélags Reykjavíkur hf. Bókfært verð eignarhlutarins í lok tímabilsins nemur 295,6 milljónum evra en skráð markaðsverð hlutarins nemur 468,4 milljónum evra á reikningsskiladegi. Nánari upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu Brim hf. má finna í árshlutareikningi félagsins á www.brim.is.

Á árinu 2023 var veðsetningu aflétt af eignarhlutnum í Brim, og allir hlutir félagsins því óveðsettir á reikningsskiladegi.

| Breyting eignarhluta í hlutdeildarfélögum greinist þannig: | 30.6.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Staða í upphafi tímabils | 303.392.952 | 279.207.326 |
| Keypt á tímabilinu | | 2.516.500 |
| Gangvirðisbreyting eignarhluta | | (72.773) |
| Fenginn arður | (16.097.881) | (13.104.028) |
| Breyting á neikv. eignarhlutum færður til lækkunar á viðskiptakröfu | | (264.495) |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga | 12.888.141 | 34.679.971 |
| Hlutdeild í eiginfjárliðum hlutdeildarfélags | (1.439.977) | 651.424 |
| Þýðingarmunur | 59.007 | (220.976) |
| Staða í lok tímabils | 298.802.245 | 303.392.952 |

# Skýringar

## 7. Samstæða

Í ársbyrjun var samstæða félagsins einfölduð og dótturfélagið RE-13 ehf. sameinað inn í Útgerðarfélag Reykjavíkur. Tilgangur þess félags var eignarhald á 10% hlut í Brim, og því allir hlutir samstæðunnar í Brim nú beint í eigu Útgerðarfélags Reykjavíkur.

Í ársbyrjun eignaðist félagið hlut í félaginu Premium of Iceland ehf. Eignarhluturinn nemur 75% og félagið hluti af samstæðuárshlutareikningnum frá byrjun árs. Premium of Iceland ehf. rekur fiskvinnslu með ferskar og reyktar sjávarafurðir og selur afurðir sínar undir eigin vörumerkjum á markaði í Evrópu.

## 8. Hreyfingar án greiðsluáhrifa

Á aðalfundi félagsins í mars var ákveðið að úthluta arði að fjárhæð 35 milljónir evra. Hluti arðgreiðslunnar, eða 17,4 milljónir evra, var inntur af hendi til hluthafa með framsali á langtímakröfum og viðskiptakröfum á tengda aðila og eignarhluta í félögunum Arctic Prime Production (APP) og Arctic Prime Coastal (APC). APP var áður dótturfélag og hluti af samstæðu félagsins en er nú félag í eigu hluthafa.

## 9. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint. Á meðal tengdra aðila samstæðunnar eru eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, stjórnarmenn, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir samstæðunni, s.s. hlutdeildarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Staða og viðskipti milli fyrirtækisins og dótturfélaga þess, sem eru tengdir aðilar, hafa verið felld út við gerð samstæðu og eru því ekki tilgreind í skýringunni. Viðskipti milli samstæðunnar og aðila tengdum henni eru birt hér að neðan.

| Viðskipti við tengd félög | 1.1.-30.6.2023 | | 1.1.-30.6.2022 | |
|---|---|---|---|---|
| | Keyptar eignir, þjónusta og afurðir | Sala eigna, þjónustu og afurða | Keyptar eignir, þjónusta og afurðir | Sala eigna, þjónust og afurða |
| Brim samstæða | 96.954 | 13.979.686 | 273.212 | 15.096.052 |
| AP Group | 17.064.595 | | 22.244.508 | 1.047.793 |
| Aðrir tengdir aðilar | | 107.599 | | 73.999 |
| | 17.161.549 | 14.087.285 | 22.517.720 | 16.217.844 |

| Viðskiptastöður við tengd félög | 30.6.2023 | | 31.12.2021 | |
|---|---|---|---|---|
| | Kröfur | Skuldir | Kröfur | Skuldir |
| Brim samstæða | 1.132.287 | | 2.312.400 | |
| AP Group | | 8.246.369 | 8.370.771 | 9.471.336 |
| Aðrir tengdir aðilar | 3.088.259 | 1.079.148 | 3.209.703 | 11.465 |
| | 4.220.545 | 9.325.517 | 13.892.873 | 9.482.802 |